

Föstudaginn 3. júní 1938.

Nr. 71/1937. **Halldór Eiríksson f. h. Mjólkursam-
sölnnar í Reykjavík**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Margréti Rasmus (Sveinbjörn Jónsson).

Verðjöfnunargjald af mjólk.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. júlí f. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lögtakið verði látið fram fara. Ennfremur krefst hann málskostnaðar af stefndu fyrir hæstarétti. Stefnda krefst þess aftur á móti, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnda samkvæmt samningi við ríkisstjórnina framfærir á heimili sínu að öllu leyti þau börn, sem uppfræðslu njóta á Daufdumbraskólanum, gegn umsömdu gjaldi á dag fyrir barn hvert. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að stefndu hafi verið skylt samkvæmt lögum nr. 1 frá 1935 að greiða verðjöfnunargjald af mjólk þeirri, sem hún framleiddi og hagnýtti greindum börnum til fæðis, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með þessari athugasemd.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Halldór Eiríksson f. h. Mjólkursamsölnnar í Reykjavík, greiði stefndu, Margréti Rasmus, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 12. febr. 1937.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi, Mjólkursamsalan í Reykjavík, farið þess á leit, að gert yrði lögtak hjá frú M. Rasmus Málleysingjaskólanum, hér í bænum, til tryggingar ógreiddu verðjöfnunarsjóðsgjaldi, að upphæð kr. 615.60. Gerðarþoli hefir mótmælt lögtaki þessu, og lögðu aðilar atríðið því undir úrskurð fógætaréttarins.

Gerðarþoli heldur því fram, að um það leyti er lög nr. 1 frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., komu í gildi, þá hafi hún sjálf orðið að yfirtaka land sitt og kýr, sem hún áður hafði leigt öðrum, með því að leigjandinn hafi ekki treyst sér til þess að reka búíð eftir að verðjöfnunarsjóðsgjald féll á hina seldu mjólk, og hafi hún sjálf haft búreksturinn eftir það. Hún heldur því fram, að hún hafi 6 kýr og 6 ha. land. Telur hún, að mjólk þessi hafi mestmegnis farið til heimilisþarfa, enda hafi hún oft í heimili 40—50 manns, en það af mjólk, sem hún hafi ekki notað sjálf, hafi hún selt í Mjólkursamsölna. Telur hún, að gjald þetta sé að öllu leyti ólöglega á sig lagt og hefir af þeirri ástæðu neitað að greiða það.

Gerðarbeiðandi heldur því hinsvegar fram, að með því að gerðarþoli hafi á hendi forstöðu Málleysingjaskólans og selji nemendum skólans allt, fæði, þjónustu o. s. frv. fyrir umsamið verð á dag, þá sé þar í innifalin sala mjólkur til skólans, og beri henni því að greiða hið umrædda verðjöfnunarsjóðsgjald, enda geti nemendur skólans á engan hátt talizt heimilisfólk hennar.

Það verður að teljast upplýst í málinu, að gerðarþoli hafi 6 ha. lands hér og jafnframt, að hún hafi ekki meira en 6 kýr á þessu landi. Þá verður og að teljast upplýst, að hún selji ekki hina framleiddu mjólk út um bæinn, held-

ur í Mjólkursamsöluna hér, það sem hún ekki notar fyrir sitt eigið heimili, og svo til Málleysingjaskólans. Þá er það og upplýst, að hún samkvæmt samningum við ríkisstjórnina selji skólanum allt handa nemendum, svo sem fæði, þjónustu og rúmfatnað fyrir umsamið verð á dag. Innifalið í fæðinu er að sjálfsögðu nokkur hluti þeirrar mjólkur, er gerðarþoli framleiðir. En þar sem hér er ekki að ræða um sjálfstæða sölu hinnar framleiddu mjólkur, þá verður ekki talið, að þessi ráðstöfun mjólkurinnar falli undir þau ákvæði fyrrgreindra laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., sem fyrirskipa framleiðanda mjólkur greiðslu verðjöfnunarsjóðsgjalds.

Af ofangreindu þykir verða að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki fara fram.

Föstudaginn 3. júní 1938.

Nr. 62/1937 **Réttvísín** (Eggert Claesen)
gegn

**Ólafi Sveinssyni, Lilju Júlíusdóttur,
Júlíusi Einarssyni og Ingibjörgu Guð-
mundsdóttur** (Garðar Þorsteinsson).

Brenna og hlutdeild.

Dómur hæstaréttar.

Upplýsingar, sem fengnar hafa verið eftir uppkvaðningu héraðsdóms í máli þessu, hafa leitt það í ljós, að nágreppi húss þess, er í var kveikt, stafaði ekki hætta af brennu þess, að innanstokksmunir og húshelmingur hinna ákærðu hjóna Ólafs Sveinssonar og Lilju Júlíusdóttur voru séreign konunnar samkvæmt kaupmála dags. 3. sept. 1933, að innanstokks-